

Reykjavík, 29. ágúst 2014

Afnám vörugjalda og einföldun neysluskatta tímabærar og nauðsynlegar aðgerðir

Stjórn Félags atvinnurekenda sá ástæðu til þess í júlímánuði að fagna sérstaklega yfirlýsingum fjármálaráðherra þess efnis að hann vinni að afnámi vörugjalda og einföldun neysluskatta. Það er ljóst af málf lutningi ráðherrans að markmiðið er að hverfa frá neyslustýringu og taka nauðsynleg skref í þá átt að einfalda skattkerfið. Vörugjaldakerfið er tímaskekkja og því mikilvægt að breytingar í þessa veru nái hratt fram að ganga.

Í ljósi umræðu undanfarinna vikna lýsir stjórn FA yfir áhyggjum af því að stjórnvöld kunni að beygja af þeirri leið sem mörkuð hefur verið af ráðherra. Ekki verður séð að slík breyting sé studd sterkum rökum og mun sterkari rök sem mæla með því að áform ráðherra nái fram að ganga. Flókið og ógagnsætt skattkerfi leiðir til sóunar, bjagar verðvitund neytenda og skapar ekki eðlilega samkeppnishvata.

Félag atvinnurekenda hefur barist fyrir umbótum á þessu sviði í áratugi, nú síðast undir merkjum Falda aflsins. Það er staðreynd að dæmin um fáránleika núverandi kerfis eru mýmörg og hafa lifað of lengi með tilheyrandi tjóni fyrir almenning og fyrirtæki í landinu. Það er nauðsynlegt að einfalda viðskiptaumhverfið á Íslandi ásamt því að gjörbylta því gjalda- og tollaumhverfi sem nú er við lýði með það að markmiði álagning tolla og vörugjalda verði að undantekningu, en ekki meginreglu. Afnám vörugjalda og einföldun neysluskatta eru einfaldlega tímabærar og nauðsynlegar aðgerðir.

Stjórn FA styður því viðleitni ráðherra til að fella niður vörugjöld og einfalda neysluskatta og vonast til að sú ráðagerð verði að veruleika sem fyrst.

Frekari upplýsingar veita:

Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur hjá FA í síma 770 3933.

Birgir Bjarnason, formaður stjórnar FA í síma 820 1310.